

Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi

Rannsóknir vegna vegagerðar

Guðmundur Ólafsson



7

Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi

Rannsóknir vegna vegagerðar

Guðmundur Ólafsson



Ljósmynd á forsiðu: Horft til suðausturs yfir jarðhúsið þegar búið var að grafa í gegnum gólfið. Útlínur hússins eru mjög greinilegar og gulleita moldin á bökkum þess er forsöguleg Heklugjóska sem jarðhúsið er grafið í gegnum. Margar pinna-
holur eru sýnilegar í gólfi. Sáfar er neðarlega til vinstri og inngangur í húsið er til vinstri . GOL20000437.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Guðmundur Ólafsson
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

1	Fornleifakönnun	5
1.1	Aðdragandi	5
1.2	Vettvangskönnun 18. - 21. maí	5
1.2.1	Ytri-Tunga SP 304	6
	Eyðibýlið Beigólfsstaðir SP-304:6	6
	Tóft SP-304:44 Sundlaug, heystæði eða tóft?	6
1.2.2	Hallbjarnarstaðir SP 303	8
	Garðlag SP-303:052	8
	Garðlag SP-303:047	9
1.2.3	Ísólfstaðir	10
	Garðlag SP-302:44	10
1.2.4	Mýrarkot SP-300	10
	Garðlag SP-300:18	10
1.2.5	Ketilsstaðir	10
	Landamerkjagarður SP-299:9 og mógrafir SP-299:20	10
1.2.6	Mýrarkot, Ketilsstaðir, Hóll	12
	Garður SP-671:11	12
1.2.7	Sandhólar SP 298	13
	Garður SP-298:068	13
1.2.8	Breiðavík SP 297	13
	Garður SP-297:20	13
	Garðlag SP-297:19	14
	Útihús SP-297:2	14
	Tóft SP-297:7	14
	Heimildir um Breiðuvík	15
2	Rannsókn á jarðhúsi í Breiðuvík	16
2.1	Jarðhústóftin	16
	Lýsing á þversniði yfir jarðhús T-1.	17
	Lýsing á langsniði yfir jarðhús T-2.	17
2.1.1	Veggir	18
2.1.2	Gólf	18
2.1.3	Burðarstoðir	18
2.1.4	Bekkir	19
2.1.5	Sáfar	19
2.1.6	Inngangur	19
	Lýsing á þversniði yfir inngang T-4.	19
	Lýsing á þversniði yfir skála? T-3.	20

2.2 Svæði austan við jarðhús	20
2.3 Skurður til austurs:	20
2.4 Fundir	21
2.4.1 Fundalisti	21
2.5 Sýni	22
2.6 Teikningaskrá	22
2.7 Umræða og tilgátur	23
2.8 Niðurstaða	24
2.9 Vegstæði fært	24
3 Viðauki 1 - Gjóskulagagreining	25
3.1 Gjóskulög á Tjörnesi	25
3.2 Smásjárskoðun	25
3.3 Helstu niðurstöður	26
4 Viðauki 2. Insect fossils from Breidavík, Tjörnes	28
5 Heimildir	30
6 Loftmyndir af vegstæði	32
7 Yfirlitsteikning af rannsóknarsvæði í Breiðuvík.	35

Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi

Rannsóknir vegna vegagerðar

1. Fornleifakönnun

1.1 Aðdragandi

Sumarið 1999 fór fram skráning fornleifa í vegstæði á Tjörnesi, frá Hringveri að Breiðuvík, vegna mats á umhverfisáhrifum í sambandi við lagfæringar og endurbætur. Fornleifastofnunannaðist verkið og skilaði um það skýrslu. Skráningin leiddi í ljós að allmargar minjar væru í hættu vegna framkvæmdanna og þyrftu þær frekari könnunar við.¹



Mynd 1. Yfirlitskort af Tjörnesi og vegi nr. 85 sem fyrirhugað var að lagfæra.

Vegagerðin á Akureyri óskaði þá eftir heimild til að fá að hylja ofangreindar minjar vegna vega-

gerðarinnar. Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands var tekið undir niðurstöður ornleifaskráningar Fornleifastofnunarog áréttað m.a. að frekari fornleifakönnun væri nauðsynleg mótvægisáðgerð vegna minjanna áður en hægt væri að heimila vegstæðið. Fornleifakönnun felur í sér minni háttar rannsókn, t.d. að grafin séu snið í gegnum hvern garð til að kanna gerð hans og aldur miðað við afstöðu gjósku- og mannvistar-laga.

1.2 Vettvangskönnun 18. – 21. maí

Í framhaldi af ofangreindu svari fór Vegagerðin á Akureyri fram á að Þjóðminjasafnið annaðist nauðsynlega könnun á þeim minjum sem væru í hættu. Sótt var um leyfi fornleifaneftdar til rannsókna á minjunum og tók Guðmundur Ólafsson deildarstjóri fornleifadeildar könnunina að sér dagana 18. – 21. maí árið 2000. Vegagerðin á Akureyri og Húsavík veitti margvíslega aðstoð á staðnum og lagði m.a. til bifreið og aðstoðarmann.

Umræddar minjar voru skoðaðar sérstaklega og grafin voru sjö snið í fimm garða og tvær tóftir. Hér að neðan eru minjarnar taldar upp í þeirri röð sem þær koma fyrir í vegstæðinu og greint frá niðurstöðum athugana. Byrjað er syðst í landi Ytri-Tungu og endað nyrst í landi Breiðuvíkur. Minjarnar eru staðsettar samkvæmt mælistöðvum vegagerðarinnar. Varðandi almenna frásögn um minjastæðina sem skoðaðir voru og aðrar minjar á svæðinu er vísað til skráningarskýrslu Fornleifastofnunar. Vegna umrótartíma á Þjóðminjasafni á árinu 2000 og mikilla anna á fornleifadeild varð nokkur dráttur á að hægt væri að ganga frá lokaskýrslu um rannsóknina.

¹ Oddgeir Hansson 1999:106-111. Menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Tjörnesveg.



Mynd 2. Horft til suðurs yfir vesturhluta túngarðsins sem liggur í boga á miðri mynd. Svæðið var girt af og sýna stikur og borði til hægri við garðinn mörk framkvæmdasvæðis. (GOL20000209).

1.2.1 Ytri-Tunga SP 304

Eyðibýlið Beigólfsstaðir SP-304:6

Beigólfsstaðir er fornt eyðibýli sem liggur milli stöðvanna 7300 – 7400. Staðurinn er friðlýstur með þinglýsingu árið 1931. Um hann gilda ákvæði 18 gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 um 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis. Túngarðurinn er um 15 m frá núverandi vegi. Fyrirhugað veggstæði er nánast á sama stað en samkvæmt upphaflegri framkvæmdaáætlun hefði vesturhluti garðsins verið sneiddur af til þess að ná þar góðum fláa að veginum.

Túngarðurinn liggur umhverfis bæjartóftir og útihús sem saman mynda eina minjaheild sem ekki má spilla. Vestan við túngarðinn og samsíða honum er annar garður. Hann er um 30 cm hár og 1 – 1,5 m breiður. Hugsanlega er þetta aðeins hrun úr túngarðinum, en gæti einnig verið eldri garður. Þess vegna þarf einnig að vernda hann. Teknar voru tvær ljósmyndir af staðnum (GOL20000209 - 0210).

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að sneitt væri af túngarðinum til þess að mynda fláa að veginum. Vegna friðlýsingar og minjagildis staðarins var ekki ásætlanlegt að hróflað yrði við

túngarðinum og varð niðurstaðan sú að minnka fláann svo að hægt væri að leggja veginn framhjá túngarðinum án þess valda raski á honum. Ekki var heimilað að fara nær garðinum með vinnuvélar en tveimur til fimm metrum vestan við lægri garðinn.

Tóft SP-304:44 Sundlaug, heystæði eða tóft?

Í Hallbjarnarstaðagili mun hafa verið sundpollur sem nú er horfinn. Í skráningarskýrslu er sagt að í gilinu hafi verið stífla sem sé horfin og aðrar minjar sé ekki að finna á þessum vegkafla.²

Við vettvangskönnun 19.5.2000 reyndist vera lítil tóft í veglínu við stöð 7800, um 10 m sunnan við Hallbjarnarstaðaá og um 20 m austan við núverandi veg. Tóftin var mæld upp og ljósmynduð. Einnig var grafið í hana snið til þess að kanna aldur hennar.

Tóftin er um 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru allt að 1 m breiðir. Innri veggjarbrún er allt að 30 cm há en ytri veggjarbrún er allt að 80 cm há að norðanverðu, þar sem hún er hæst. Að austanverðu er hún aðeins um 20 cm. Enginn sýnilegur inngangur er í tóftina.

² Oddgeir Hansson 1999:104.



Mynd 3. Hallbjarnarstaðagil. Hallbjarnarstaðaá er til vinstri á myndinni. Tóftin í vegstæðinu er ofan við girðinguna á miðri mynd. (GOL20000220).

Um 1 m austan við tóftina er skurður sem liggur niður í gilið og í ána. Um 4 m norðan við tóftina er stallur sem liggur í sveig meðfram ánni að ræsi undir veginn. Vestast við ræsið er stallur þessi um 40 cm hár en norður af tóftinni er hann allt að 1m.

Um 80 cm langt snið var grafið í norðvesturhorn tóftarinnar til að freista þess að komast að aldri hennar.

Á 20 cm var 6 – 7 cm þykk dökkbrún mold og var tekið sýni til að kanna hvort í því væri dökk gjóska (S-3). Þar undir var blandað moldarlag, sennilega torfmoldir. Í þessu lagi eru m.a. strípur með gulleitri gjósku. Ekki varð vart við dökka gjóskulagið (a-lagið frá 1477) í sniðinu. Á 50 cm dýpi var komið niður á gulleita gjósku, sennilega H-3.

Tvær ljósmyndir voru teknar af svæðinu (GOL20000220-0221).

Niðurstaða fornleifakönnunar: Tóftin er greinileg á yfirborði og virðist ekki vera ýkja gömul. Í sniðinu kom ekkert fram sem gefið gæti aldur hennar til kynna, að öðru leyti en því að hún virðist yngri en gjóskulögin sem þarna er að

finna á svæðinu. Ekki varð vart við neina gólf-skán eða mannvistarlag og gæti tóftin hugsanlega verið heystæði eða útihús frá 19. öld.


1.2.2 Hallbjarnarstaðir SP 303

Garðlag SP-303:052

Garðurinn er hlaðinn úr torfi eingöngu. Hann er við stöð 8700 og að mestu sokkinn í mýrarjarðveg en þó mótar enn fyrir honum á yfirborði. Þar sem hann sést austan við veginn er hann um 60 cm breiður og allt að 20 cm hátt garðlag.

Tveggja metra langt og 60 cm djúpt snið var grafið gegnum garðinn um 5 m austan við núverandi veg. Í sniðinu má sjá að garðurinn virðist hafa hrunið fram yfir sig og það er sá hluti hans sem er sýnilegur á yfirborði. Garðurinn er um 40 cm að hæð í sniðinu og hann nær alveg upp að yfirborði. Hann er a.m.k. 90 cm breiður, en í sniðinu var ekki með fullri vissu hægt að skera úr um hvað tilheyrir upphaflegri hleðslu og hvað sé hrun. Einna helst virðist sem garðurinn hafi hrunið fram yfir sig og að það sé sá hluti hans sem móti fyrir á yfirborði.


Í torfi voru gjóskublettir sem sýni voru tekin úr. Svo virðist sem gjóska úr Kötlu frá 1262 og



Mynd 4. Flatarteikning sem sýnir tóft SP-304:44 og nánasta umhverfi hennar. Litli ferhyrningurinn sýnir hvar snið var grafið.



Mynd 5: Horft til austurs yfir garðlagið SP - 303:52 og snið.



Mynd 6. Sniðteikning gegn um torfhláðinn garð SP-303:52. Neðsti hluti garðsins sést vinstra megin í sniðinu. Efri hluti garðsins virðist hafa fallið til hægri.

Heklu 1300 liggja upp að garðinum norðan megin (S-5), en að sunnan megin sé gjóskan í hleðslunni (S-6). Þetta bendir til þess að garðurinn sé upphaflega eldri en gjóskulögin en að hann hafi verið lagfærður eftir að gjóskulögin féllu. Í hruni sem kemur úr efri lögum garðsins voru torfusneplar með gjóskublettum frá 1477, sem bendir til að garðinum hafi verið haldið við a.m.k. fram undir 1500. Undir garðinum eru forsöguleg gjóskulög úr Heklu, m.a. H~3 og H~4.³

Niðurstaða fornleifakönnunar: Garðurinn hefur rofnað á um 20 m breiðum kafla þegar núverandi vegur var lagður. Ný veglína er örlitlu breiðari en sú gamla á þessum stað, en með aðgát þarf framkvæmdin ekki að valda meira raski en þegar er orðið. Ekki er talin ástæða til að gera frekari athugasemdir við framkvæmd á þessum stað.

Garðlag SP-303:047

Þetta er landamerkjagarður sem er allt að 1 m hár og 1,9 m breiður á yfirborði. Hann beygir til suðurs og liggur með veginum á um 70 – 80 m kafla. Þessi kafla fer undir nýjan veg.


Tekið var 1,8 m langt snið gegnum garðinn í rofabarð sem var við syðsta hluta hans. Þar kom fram að garðurinn hefur upphaflega verið um 1,2 m breiður og a.m.k. um 80 cm hár. Hann er eingöngu hlaðinn úr allt að 10 cm þykku strengjatorfi. Efnið er einkum brún og gulbrún mold og í torfi má greina þunnar gular gjóskustrípur úr forsögulegri Heklugjósku sem einnig liggur undir garðinum. Ekki varð vart við gjóskulög frá sögulegum tíma í sniðinu, hvorki í veggnum né utan hans og er því erfitt að segja nokkuð til um aldur garðsins. Skortur á gjóskulögum frá sögulegum tíma og það hve garðurinn stendur hátt, bendir til þess að þessi hluti hans sé ekki mjög gamall.

1.2.3 Ísólfstaðir

Garðlag SP-302:44

Nýtt vegstaði færast lengra frá þessum garði en

³ Sjá nánar viðauka Magnúsar Á Sigurgeirssonar í kafla 3.



Mynd 7. Þversnið gegnum garðinn SP-303:47. Strikaði hlutinn í miðju er torfhleðslan. Brúna moldin yfir henni er áfoksjarðvegur.

núverandi vegur er og ættu framkvæmdir ekki að þurfa að hrófla við garðinum.

1.2.4 Mýrarkot SP-300

Garðlag SP-300:18

Þegar núverandi vegur var lagður hefur garðurinn verið sléttaður á um 14 m löngum kafla austan vegar. Garðurinn er mjög hruninn á svæðinu þar fyrir austan, og svo illa farinn að gerð hans er ekki alveg ljós.

Grafið var snið í gegnum garðinn í rofabarði vestast í honum. Erfitt er að draga neinar ályktanir af þessu sniði. Frost var enn í jörðu á 25 – 70 cm dýpi á þessum stað. Hann virðist eingöngu hlaðinn úr torfi. Greina mátti þykkt gulhvítt gjóskulag á 25 cm dýpi og dökkgrátt gjóskulag yfir því á 20 cm dýpi, en vegna jarðfrera var ekki unnt að skera úr um hvort þessi lög væru náttúruleg eða í torfi.

Annað snið var tekið aðeins sunnar til þess að kanna hvernig náttúruleg jarðlagaskipan er á þessu svæði og hvaða gjóskulög eru sýnileg. Gjóskusýni 1 og 2 voru tekin úr þessu sniði.

Niðurstaða fornleifakönnunar: Nýtt vegstæði fer aðeins yfir þann hluta garðsins sem þegar

hefur verið eyðilagður og ætti því ekki að þurfa að valda frekari skemmdum á honum.

Ekki er talin þörf frekari verndunaraðgerða af hálfu minjavörslunnar, annað en eðlileg aðgát véla og tækja á svæðinu og lagt er til að veitt verði heimild til að hylja garðinn við vegstæðið.

1.2.5 Ketilsstaðir

Landamerkjagarður SP-299:9 og mógrafir SP-299:20

Mógrafirnar og garðurinn eru í hættu þar sem vegurinn fer yfir hluta af þessu svæði og því var mælt til þess í skráningarskýrslu að fornleifafræðingur mældi staðinn upp áður en framkvæmdir hefjast. Það var gert við vettvangskönnun og svæðið teiknað í mælikvaraða 1:200. Lögð var út 80 m löng grunnlína og mælt með málbandi út frá henni. Svæðið er á milli stöðva 11750 – 11800.

Garðurinn 299:9 liggur nánast í norður-suður. Nyrsti hluti hans skammt sunnan vegar er hæstur og er þar allt að 60 cm hár og 2 m breiður. Hann er greinilegur á 53 m löngum kafla til suðurs (nr. 1 á teikn.), þó að skurðurinn sem liggur meðfram honum að vestanverðu hafi grafið



Mynd 8. Horft frá vegi til austurs yfir garðlag SÞ-300:18. GOL20000214.

sig inn í hann á einum stað. Síðan hverfur hann alveg í mýrina á 11 m kafla en kemur aftur í ljós og heldur síðan áfram til suðurs (nr. 2). Í mýrinni er hann aðeins um 10 cm hár en hækkar þegar hann kemur upp á holtið. Gerð var tilraun til þess að grafa snið í gegnum garðinn en frost í jörðu kom í veg fyrir að það heppnaðist.

Tvær stórar mógrafir eru á þessu svæði og nokkrar minni.


Önnur mógröfin (nr. 8) er rétt sunnan vegarins og 14 m vestan við garðinn. Hún er um 22 x 20 m í þvermál. Í henni miðri eru tveir 10 x 4 m hraukar sem skarast lítillaga og standa um 50 cm upp úr vatninu (nr. 9). Mógröfin er að jafnaði um 50 cm djúp.

Við suðausturhorn þessarar mógrafar stendur ferköntuð tóft (nr. 3) sem er 5,5 x 4,5 m að utanmáli og er allt að 50 cm há. Óvíst er hvort þarna hefur staðið hús eða móhraukastæða. Á suðurhlið vottar fyrir inngangi og þar fyrir innan er smá gróp. Að öðru leyti er tóftin hálf full að innan. Á austurhlið er um 40 cm breiður veggjarbútur. Dálítið hrun virðist vera við norðurgafli. Sunnan við tóftina er mógryfja sem er eins og L í laginu (nr. 4-5). Sá hluti sem liggur í austur-ves-


tur er um 3 m breiður og 11m langur (nr. 4). Gryfjan er allt að 1m djúp og austurendi hennar endar í frárennisskurði. Vesturendi grafarinnar beygir til suðurs og er þar um 3 m breið og 8 m löng (nr. 5). Gryfjan er þarna allt að 60 cm djúp. Tveggja metra breiður og allt að 40 cm hár garður (nr. 6) skilur þessar mógrafir frá annarri mógröf (nr. 7) sem er 3 x 4 m í þvermál og opnast út í frárennisskurðinn. Þessi mógröf er um 40 cm djúp vestast en dýpkar til austurs og er um 1 m djúp við skurðinn. Skurðurinn endar 2 m sunnan við þessa mógröf og þar fyrir sunnan er aðeins grunn náttúruleg lækjarspræna úr mýrinni (nr. 15).

Stærsta mógröfin (nr. 10) er 36 x 26 m að þvermáli. Hún er 18 – 20 m sunnan við hina stóru mógröfina (nr. 8). Hún er að jafnaði um 30 – 40 cm djúp, en upp úr henni standa nokkrir hryggir um 20 – 40 cm upp úr vatninu, einkum í norðurhluta hennar (nr. 11-13). Nyrst er 4 m breið rás sem er um 50 – 60 cm djúp.

Norðarlega við austurhlið mógrafarinnar (nr. 10) er sams konar tóft (nr. 18) og við hina stóru mógröfina. Hún er 4,5 x 3,5 m að utanmáli. Þessi tóft hefur greinilegri vegg en sú fyrri. Hliðarnar



Mynd 9. Flatarteikning af landamerkjagarði og mógröfum.



Mynd 10. Horft til norðurs eftir garðinum SP-298:68 við sniðið. (GOL20000212).

eru um 60 cm breiðar og 50 cm háar. Rof er í suðurgaflinn, sem hefur hrunið út við suðvesturhornið. Norðurhliðin virðist hafa hrunið að hluta til ofan í vatnsrás sem er rétt norðan við tóftina. Tóftin gæti verið lítill kofi eða hraukstæði.

Meðfram veginum er lækur (*nr. 17*) sem rennur í ræsi sem fer undir veginn (*nr. 16*).

Niðurstaða fornleifakönnunar: Svæðið var mælt upp og teiknað eins og lagt er til í skýrslu Fornleifastofnunar. Að mati Þjóðminjasafns er þetta nægileg mótvægisáðgerð.

1.2.6 Mýrarkot, Ketilsstaðir, Hóll

Minjar sem ná yfir fleiri en eina jörð fengu númerið 671 í skráningarskýrslu. Eftirfarandi garður liggur um lönd Mýrarkots, Ketilsstaða og Hóls.

Garður SP-671:11

Vegstæðið fer yfir garðinn á tveimur stöðum. Annars vegar við stöð 9900 hjá Sjónarhól, þar sem hann er sýnilegur um 8 m austan við núverandi veg. Þó að garðurinn sé þarna að mestu sokkinn í mýri og sé afar ógreinilegur er hægt að fylgja honum til norðurs þar sem hann

sést sem stakir þúfnakollar sem mynda beina línu yfir mýrina. Garðurinn er um 50 cm breiður og allt að 15 cm hár þar sem hann er sýnilegur. Ekki var unnt að taka snið í garðinn þarna vegna bleytu. Vestan vegar er hann alveg horfinn undir núverandi veg.

Með nýju vegstæði breiðkar vegurinn þarna til austurs og nær nánast að garðinum. Sé gætt fullrar varúðar ættu vegaframkvæmdir þó ekki að þurfa spilla honum meir en orðið er.

Um 900 m norðar fer vegurinn aftur skáhallt yfir garðinn við stöð 10850. Þar er garðurinn miklu greinilegri á yfirborði. Hann er þar 3-5 m breiður og 40 cm hár. Tekið var um 1 m breitt snið gegnum garðinn við rofabarð austan við veginn. Vegna frosts í jörðu var ekki unnt að grafa gegnum hann allan. Í sniðinu var mold ofan á gulu og dökku gjóskulögunum og stór steinn í henni. Þetta var eini staðurinn þar sem steinn sást í garðhleðslu. Við nánari athugun mátti greina leifar af gjósku frá 1477 yfir torfmoldunum sem sýnir að garðurinn er eldri en það.

Gula gjóskan virtist þynnast niður á við til austurs og þar komu torfmoldir í ljós yfir henni. Líklega hefur garðurinn klofnað og hrunið þarna til beggja hliða.

Niðurstaða fornleifakönnunar: Garðurinn hefur verið sléttaður út á um 10 – 15 m kafla, bæði austan vegar og vestan. Væntanleg framkvæmd ætti ekki að valda meiri skemmdum á garðinum en orðið er og er vegagerðinni heimilt að hylja garðinn þarna, enda sé gætt fyllstu varúðar við umferð vinnuvéla.

1.2.7 Sandhólar SP 298

Garður SP-298:068

Garðurinn er all-greinilegur á yfirborði og er allt að 4 m breiður og 40 – 50 cm hár. Grafið var 7,5 m langt snið gegnum garðinn við stöð 12800. Í ljós kom að garðurinn virðist hafa klofnað til beggja hliða og að miðja hans sé að mestu horfin. Eftir standa brúnir garðsins og hrun úr vesturhlið hans. Mikið rof var hinsvegar við austurhliðina og jarðvegurinn að mestu horfinn. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr torfi eingöngu.

Í vesturhluta sniðsins var 5 cm þykk, svört gjóska um 20 cm undir yfirborði. Hún hækkar örlítið upp að vesturbrún garðsins. Hún virðist enda við garðinn, en vegna þess hve garðurinn er hruninn er ekki hægt að sjá að gjóskan fari yfir hann.

Í miðju garðsins hefur nær allur jarðvegur blásið burt, en samt má enn sjá þar gular, dökkbrúnar og gráar þunnar rákir sem bendir til leifa af torfhleðslu. Engin gjóskulög frá sögulegum tíma sáust í garðinum, en gula forsögulega lagið H~3 er í torfi. Þetta er vísbending um að garðurinn sé sennilega eldri en t.d. a-lagið frá 1477.

Upphafleg breidd garðsins er ekki alveg ljós. Ef breidd garðsins er miðuð við hvar torfur sjást í sniðinu, þá hefur garðurinn verið um 1,2 m að breidd.

Hins vegar ef miðað er við að a-lagið hafi legið upp að vesturhlið garðsins og endi þar og að H~3 lagið endi við austurhlið hans hefur garðurinn verið allt að 2 m breiður.

1.2.8 Breiðavík SP 297

Garður SP-297:20

Garðlag þetta, sem talið var í hættu, fannst ekki við vettvangskönnun. Samanburður við loftmynd virðist benda til að þarna sé rofabarð. Ógerlegt var að greina hvort það væri náttúrulegt rof eða hvort þar hefði verið garður. Staðurinn reyndist við athugun vera utan hætusvæðis vegna vegagerðar og var ekki talin ástæða til þess að rannsaka hann frekar.

Garðlag SP-297:19

Garðurinn er við stöð 14900 og sést vel vestan vegarins og niður að sjó, en er horfinn á tæplega 40 m löngum kafla austan við núverandi veg. Sá hluti fer undir nýtt vegstæði. Þar tekur við 12 m langur kafli þar sem garðurinn er sýnilegur. Hann er þar allt að 4 m breiður og 40 – 50 cm hár. Þar fyrir ofan rofnar hann að nýju vegna vatnsfarvegs í hlíðinni.

Ekki var talin ástæða til sérstakra verndunaraðgerða að öðru leyti en því að umferð véla og tækja væri takmörkuð við framkvæmdasvæðið.

Útihús SP-297:2

Munnmæli eru um að útihús hafi staðið á fyrri hluta 20. aldar við norðausturhorn túnsins í Breiðuvík. Sléttað hefur verið yfir tóftina og sjást hennar engin merki í dag. Í skráningarskýrslu er talið að hún hafi verið um 25 m frá núverandi vegi og sé því varla í hættu vegna framkvæmdanna.

Við vettvangskönnun sást ekkert sem benti til minja í vegstæðinu og var ekki talin ástæða til sérstakra verndunaraðgerða.

Tóft SP-297:7

Þessi tóft var nánast í miðju vegstæði og taldist í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Í skráningarskýrslu er eftirfarandi frásögn:

“Stekkjargil tóft stekkur.

“Í sambandi við Tröllagil eru tvö gil, Miðgil, sem sameinast því rétt ofan við túnið, og Náttthagagil, sem er austan við bæ og heitir líka Stekkjargil.” “Náttthaginn var fyrir kýr. Honum var skipt í Efri-Náttthaga og Neðri-Náttthaga. Líklega hefur verið stekkur í Fremri-Náttthaga.” Núverandi ábúandi gat ekki glöggvað sig á því hvar skiptingin milli Efri- og Neðri-Náttthaga mun hafa verið. Skal því hér talað um náttthagann sem heild. Náttthaginn er nokkuð flatt undirlendi í Stekkjar/Náttthagagili, skammt ASA af bæjarhólnum. NA-megin í náttthagannum um 20 m sunnan þjóðvegur er dálítill dæld sem minnir á tóft. Þar liggja þrjár kynslóðir þjóðvegjarins yfir náttthagann og er sú yngsta sú sem gerð verður á næstu árum. Þar verður sem sagt smá tilfærsla á vegarstæðinu til suðurs og vill svo til að nýi vegurinn á eftir að liggja yfir tóftina að hluta að norðanverðu. Nokkuð slétt graslendi.

Tóftin er um 6x5 m að stærð og er hleðsluhæðin eða dýpt hennar um 0,2 m. Hún er frekar illgreinanleg. Dyr virðast vera austarlega á suðurvegg tóftarinnar.”⁴

⁴ Oddgeir Hansen 1999, bls. 41 – 41.



Mynd 11. Horft til austurs yfir Stekkjargil. Tóft SP-297:7 er fyrir miðri mynd. Ef vel er að gáð sést sennilega óljóst móta fyrir útlínunum annarrar tóftar á svæðinu norðaustan við hana (GOL20000211).

Í skýrslunni var mælt til að takmörkuð fornleifarannsókn færi fram til að kanna hlutverk og aldur tóftarinnar. Hún er norðan við Breiðuvík-urá í hvammi sem ýmist hefur verið nefndur Stekkjargil eða Nátthagi. Á loftmynd var hún staðsett við stöð 14800 sem skeikar um 50 metrum frá réttum stað, sem er við stöð 14750. Grafið var 5,7 m langt þversnið gegn um tóftina frá vestri til austurs. Í ljós kom mannvirki sem við fyrstu sýn virtist geta verið íveruhús frá söguöld, hugsanlega jarðhýsi. Tóftin er grafin niður allt að 40 cm frá upphaflegu yfirborði. Í henni er greinileg gólfskán sem sveigist upp við vestur- og austurvegg. Vestast var gólfskánin gráleit og um 2 – 6 cm þykk með einstaka viðarkolamolum og fáeinum brenndum beinum, en varð sótugri og þéttist og þykknaði eftir því sem nær dró miðju. Miðhluti gólfsins er allt að 10 cm þykk viðarkolalag, blandað brenndum beinum og litlum steinvölum sem virðast hafa verið teknar úr ánni og lagðar neðst í gólfið. Tekin voru sýni af einstökum viðarkolamolum af gólfinu (S-10), og einnig var gólfskán af miðhluta gólfsins safnað sérstaklega saman í eitt sýni (S-11), Á bökkum tóftarinnar var hreyfð mold sem er líklega leifar af veggjum.


Yfir gólfinu voru fokmoldir og tvö þunn dökkgrá sendin lög. Tekin voru sýni úr báðum dökku lögunum. Efra lagið (S-8) reyndist vera fokefni en neðra lagið (S-9) var Heklugjóska frá 1300 (H-1300).

Yngri mannvistarlög sáust ekki yfir gólfi niðurgrofnu tóftarinnar. Efsti hluti jarðvegsins virtist vera náttúruleg jarðvegsþykknun og ekkert mannvistarlag sást sem átt gæti við tóftina sem mótaði fyrir á yfirborði.

Niðurstaða fornleifakönnunar: Sniðið sem grafið var í gegnum tóftina benti til þess að þarna væri sennilega jarðhús frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og elstu þekktu minjar á svæðinu. Sú niðurstaða varð til þess að nauðsynlegt var talið að rannsaka jarðhúsið betur.

Heimildir um Breiðuvík

Í ljósi niðurstöðu fornleifakönnunarinnar að þarna væru minjar frá landnámsöld þótti rétt að kanna heimildir um Breiðuvík og upphaf byggðar þar. Í ljós kom að þær eru harla fátæklegar. Í landnámu er ekkert minnst á Breiðuvík. Um landnám á Tjörnesi er eftirfarandi frásögn í Hauksbók: „Böðólfur hét maður, son Gríms Grímólfssonar af Ögðum, bróður Böðmóðs; hann átti Þórunni dóttur Þórólfs hins fróða;



Mynd 12. Flatarteikning af jarðhúsi.

þeirra son var Skeggi. Þau fóru til Íslands og brutu skip sitt við Tjörnes og voru að Böðólfsskytju hinn fyrsta vetur. Hann nam Tjörnes allt á millum Tunguár og Óss. Böðólfur fékk síðar Þorbjörgu hólmasól dóttur Helga.⁵ Í Sturlubók segir að þau hafi búið hinn fyrsta vetur á Auðólfssstöðum. Í athugasemdum neðanmáls er talið líklegt að Auðólfssstaðir séu afbökun þar eð það bæjarnafn þekkist ekki á Tjörnesi. Skytja er útskýrt sem einhvers konar viðbygging við útihús. Þá er dregið í efa að tilgáta Brynjólfs Jónssonar um að eyðihjáleigan Beigólfssstaðir sé sá bær sem átt er við geti verið rétt.⁶

Breiðavík kemur nokkrum sinnum fyrir í Íslenzku fornbréfasafni, þegar verið er að greina frá hlunnindum og kirkjuftökum á miðöldum. Elstu ritheimildir þar sem getið er um Breiðuvík eru frá um 1300. Í skrá um reka Hólastaðar á Tjörnesi 1296 er staðurinn sagður eiga þriðjung hvalreka og viðreka og flutning og hlut skotmanns með öllum fjörugögnum í Breiðuvík.⁷ Í máldaga Auðunar biskups Þorbergssonar frá 1318 fyrir Hólabiskupsdæmi segir að Grenjaðarstaðarkirkja eigi Breiðuvík alla með gögnum.⁸ Virðist Grenjaðarstaðarkirkja hafa átt Breiðuvík a.m.k. fram til um 1500.⁹

2 Rannsókn á jarðhúsi í Breiðuvík

Í framhaldi af ofangreindri fornleifakönnun fól Vegagerðin á Akureyri Þjóðminjasafni að annast rannsókn á staðnum. Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifadeildar, stjórnði rannsókninni og með honum voru Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, og Þór Hjaltalín, sagnfræðingur á Þjóðminjasafni. Rannsóknin fór fram dagana 30. maí til 4. júní. Óhagstætt veður var fyrstu dagana. Hiti var um frostmark og gekk á með slydduéljum. Þá létti til og síðari hluta rannsóknartímans voru vinnuskilyrði ágæt.

Byrjað var á því að fjarlægja fokjarðveg ofan af tóftinni með vélgröfu. Skilin voru eftir nokkur snið sem voru teiknuð áður en þau voru fjarlægð.

Í ljós kom að tóftin reyndist ekki vera hefðbundin jarðhús, heldur niðurgráfin tóft með inngang

til austurs. Austan við tóftina virðist vera önnur stærri tóft sem ekki er niður gráfin.

Útbúið var staðbundið hnitakerfi yfir rústa-svæðið sem minjarnar voru mældar inn í. X-hnit hækka til norðurs og Y-hnit til austurs.

2.1 Jarðhústóftin

Útlínur jarðhússins eru mjög skýrar. Það er 4,6 m langt, 3,4 m breitt. Hornin í húsinu eru bogadregin. Gólf hússins var við rannsóknina um 0,7 m undir yfirborði. Þegar það var byggt var yfirborðið allt að 0,5 m lægra og gólfið var grafið niður um 0,3 – 0,4 m frá þáverandi yfirborði. Um 1 m breiður inngangur er á austurhlið fyrir miðju húsi. Í norðausturhorni hússins er hringlaga hola sem er um 1 m breið og 0,3 m djúp. Um 1 m breiðir bekkir eða set virðast hafa verið meðfram þremur hliðum hússins. Þykk gólfskán var fyrir framan bekkina.

Jarðhúsið sver sig mjög í ætt við önnur jarðhús sem áður hafa fundist á landinu, þó að ekkert þeirra sé reyndar alveg nákvæmlega eins. Einkum er óvenjulegt að finna greinilegan inngang í jarðhús.

Eftir að húsið hefur verið tekið úr notkun virðist staðurinn hafa verið yfirgefinn, því að nær engin ummerki sjást í áfokslögum yfir tóftinni sem benda til þess að búseta hafi haldið áfram á þessum stað. Þetta sést mjög greinilega í sniðum sem teiknuð voru yfir tóftina.

Lýsing á þversniði yfir jarðhús T-1.

Lag 1. og 2. *Brún fokmold*. Í þessum fokmoldum yfir tóftinni eru fjögur þunn dökk lög (Lög 3, 4, 18 og 19). Afstaða þessara laga sýnir að jarðveg-sþykkun á staðnum hefur verið jöfn og náttúruleg, án ummerkja eftir rask af hálfu manna.

Lag 3. Þunnt grátt lag, sennilega áfokslag fremur en gjóskulag. (Sýni 8).

Lag 4. *Gjóska*. Þunnt grátt lag, sennilega gjóska úr Heklu 1300. (Sýni 9). Lög 3 og 4 eru afar greinileg á öllu svæðinu.

Lag 5. *Mold og torfusneplar*, ljósbrún og brún, sennilega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 6. *Mold*, dökkbrún. Líklega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 7. *Veggjarhleðsla*. Gulbrúnar, brúnar og dökkbrúnar, allt að 10 cm þykkar, strengjatorfur í vesturvegg.

Lag 8. *Gólfskán*. Vestasti hluti gólfskánar er sóti

5 Íslenzk fornrit I, bls. 279-280.

6 Íslenzk fornrit I, bls. 278-279.

7 Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 317.

8 Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 431.

9 Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 579, 710. D.I. IV, bls. 17. D.I. V, bls. 280, D.I. IX, bls. 322.

blönduð mold, um 4 – 6 cm þykk. Fyrir miðju er gólfskánin þykkust og verður þar allt að 10 cm þykk. Hún er gerð úr sóti, viðarkolum og brenndum beinum (Sýni 10) Austast er gólflagið 2 – 4 cm þykk og gerð úr sóti og viðarkolum. Botn gólfsins er allt að 30 cm undir upprunalegu yfirborði.

Lag 9. *Óhreyfð mold*. Dökkbrún. Húsið er byggt ofan á þetta lag.

Lag 10. *Ljós gjóska*. Hekla 3, 2900 ára.

Lag 11. *Mold*, dökkbrún.

Lag 12. *Mold*, rauðbrún.

Lag 13. *Veggjahleðsla*. Gulbrúnar, brúnar og dökkbrúnar, allt að 10 cm þykkar, strengjatorfur í austurvegg.

Lag 14. *Óhreyfð mold*, dökkbrún. Sama og lag 9.

Lag 15. *Ljós gjóska*. H 3. Sama og lag 10.

Lag 16. *Mold*, dökkbrún, sama og lag 11.

Lag 17. *Mold og torfusneplar*, sama og lag 5.

Lag 18. *Svört gjóska*, slitrótt, um 0,1 cm þykk. E.t.v. V1410.

Lag 19. *Svört gjóska*, slitrótt, um 0,1 cm. E.t.v. K 1262. Lög 18 og 19 eru afar þunn og slitrótt, en eru á öllu svæðinu ef vel er að gáð.

Lag 20. *Mold og torfusneplar*. Líklega hrun úr veggjum eða þaki.

Lag 21. *Gólfskán*, sót, viðarkol og móaska, austan við jarðhúsið.

Lýsing á langsniði yfir jarðhús T-2.

Lag 1.og 2. *Brún fokmold*. Í þessum fokmoldum yfir tóftinni eru sömu fjögur dökku lög og í þversniðinu T-1 (Lög 3 og 4 eru greinileg en lög 18 og 19 eru afar slitrótt og fundust ekki fyrir en við nánari athugun eftir að sniðið var teiknað og eru ekki skráð á teikninguna.)

Lag 3. Punnt grátt lag, sennilega áfokslag fremur en gjóskulag. (Sýni 8).

Lag 4. *Gjóska*. Punnt grátt lag, sennilega gjóska úr Heklu 1300. (Sýni 9).

Lag 5. *Mold og torfusneplar*, ljósbrún og brún, sennilega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 6. *Mold*, dökkbrún. Líklega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 7. *Veggjarhleðsla*. Gulbrúnar, brúnar og dökkbrúnar, allt að 10 cm þykkar, strengjatorfur í norðurvegg.

Lag 8. *Gólfskán*. Nyrsti hluti gólfskánar er sóti blönduð mold og torfusneplar, um 4 – 6 cm þykk. Fyrir miðju er gólfskánin þykkust og verður þar allt að 10 cm þykk. Hún er gerð úr

sóti, viðarkolum og brenndum beinum (Sýni 10) Austast er gólflagið 2 – 4 cm þykk og gerð úr sóti og viðarkolum. Botn gólfsins er allt að 30 cm undir upprunalegu yfirborði.

Lag 9. *Óhreyfð mold*. Dökkbrún. Húsið er byggt ofan á þetta lag.

Lag 10. *Ljós gjóska*. Hekla 3, 2900 ára.

Lag 11. *Mold*, dökkbrún.

Lag 12. *Mold*, rauðbrún.

Lag 13. *Veggjahleðsla*. Gulbrúnar, brúnar og dökkbrúnar, allt að 10 cm þykkar, strengjatorfur í suðurvegg.

Lag 14. *Óhreyfð mold*, dökkbrún. Sama og lag 9.

Lag 15. *Ljós gjóska*. H 3. Sama og lag 10.

Lag 16. *Mold*, dökkbrún, sama og lag 11.

Lag 17. *Gólfskán*, mold, torfusneplar og sót. E.t.v. set.

Lag 18. *Hreyfð mold og svört gjóska*. E.t.v. torf.

Lag 20. *Mold*. Einstaka viðarkolaagnir.


Lag 21. *Mold og torfusneplar*. Líklega hrun úr veggjum eða þaki.

2.1.1 Veggir

Þegar grafið var fyrir jarðhúsinu var grafið gegnum 10 cm þykkt gult forsögulegt gjóskulag úr Heklu. Umhverfis jarðhúsið fundust veggjaleifar sem sýna að veggir hússins hafa eingöngu verið úr strengjatorfi og mold. Svo virðist sem jarðvegurinn sem fjarlægður var úr húsinu hafi verið notaður í veggjahleðsluna. Þeir eru um 1 m að þykkt nema norðurgaflinn, sem snýr upp í brekkuna, er um 2 m þykkur. Veggjahæðin er allt að 0,3 m í jarðvegssniðum en hefur væntanlega verið nokkru hærri þegar húsið var í notkun. Efri brún veggjanna var ávöl og hæst um miðjuna sem bendir til að þeir hafi verið búnir að veðrast nokkuð áður en tóftin var öll hulin jarðvegi. Efsti hluti veggjanna og þakið hefur fallið ofan á gólfið í jarðhúsinu eftir að notkun þess var hætt.

2.1.2 Gólf

Gólf jarðhússins er sýnilegt á 2,4 x 2,4 m breiðu svæði inn af innganginum, auk þess sem það nær út í suðausturhorn hússins. Gólfskánin er þétt og hörð og að mestu gerð af sóti og viðarkolaögnum. Hún er að jafnaði um 1 – 4 cm þykk nema á um 1,30 x 1,30 m breiðu svæði á miðju gólfi þar sem hún verður allt að 10 cm þykk. Þar er líka mikið af brenndum og fáeinum óbrenndum beinaleifum. Flest beinin eru mjög laus í sér og morkin. Beinaleifum var safnað saman og



Mynd 13. Þversnið T-1 og langsnið T-2 yfir jarðhústöftina.



Mynd 14. Horft til norðurs yfir jarðhús eftir að hreinsað hafði verið ofan af því. Þykkt gólfsins sést í þversniðinu. GOL20000432.

þau tekin sem sýni. Einnig voru tekin viðarkola-sýni úr gólfi.

Á miðju gólfi eru líka stakir móöskublettir. Þegar nær dregur inngangi eru gulir gjóskusneplar og mold neðst. Í innganginum sjálfum er gólfskánin mjög þétt og blönduð mold. Litlar steinvölur úr ánni eru allvíða í gólfskáninni, einkum suðurhluta hússins. Ef til vill eru þær minjar um leik barna sem hafa sótt sér smásteina úr ánni til að leika sér að.


Í gólfinu fundust tæplega 60 *pinnaholur*, einkum á miðsvæði hússins. Þær eru flestar í nokkrum þyrpingum og eru mjög breytilegar að stærð og gerð. Sumar eru aðeins um 1 – 2 cm í þvermál en aðrar eru um 5 – 10 cm breiðar. Að lögum eru þær bæði hringlaga, sporöskjulaga, tígullaga og ferhyrnar. Dýpsta stoðarholan var um 30 cm djúp og sú grynnsa aðeins um 1 sm. Flestar komu í ljós í neðri lögum gólfsins. Allar stoða- og pinnaholur sem fundust voru mældar inn og þversnið tekið gegnum þær.

Sýrustig var mælt í nokkrum jarðvegslögum til að kanna mun á mannvistarlögum og náttúru-

legum jarðlögum. Meðalsýrustig jarðvegs á Íslandi er á bilinu 5 – 6pH. Mælingin sýndi að náttúrulegu jarðlögin mældust á bilinu 4,8 – 5,3pH eða aðeins súrari en gólfskánin sem var 5,6pH. Gjóskulagið H~3 mældist einnig með 5,6pH. Við yfirborð mældist sýrustig 5,3pH. Í foklagi yfir a-1477 var sýrustig 5,2pH. Óhreyfð mold í sáfari í NA-horni jarðhúss mældist 4,8pH.

2.1.3 Burðarstoðir

Holur eftir fjórar 12 – 16 cm breiðar stoðir fundust um 0,8 m innan við hliðar hússins og um 1,2 – 1,4 m frá göflum þess. Stoðarholurnar eru nokkurn veginn við skil gólfs og bekkja. Stoðirnar voru horfnar en höfðu skilið eftir sig holur ofan í óhreyfða jörð. Stærst og dýpst er stoðarholan í norðausturhluta hússins. Hún er sporöskjulaga, 11 x 15 cm í þvermál og um 20 cm djúp. Hún stendur 10 cm innan við sáfarið í horninu. Aðrar holur voru ekki jafn greinilegar og í suðvesturhorninu vottar fyrir tveimur holum. Hugsanlega hefur þar verið skipt út stoð. Stoðirnar fjórar sem stóðu í þessum holum hafa



Mynd 15. Sáfar. GOL20000438.

sennilega borið uppi þakið í húsinu. Yfir gólfinu var allt að 10 cm þykkt lag moldar og torfunespla sem eru sennilega leifar af torfþaki.

2.1.4 Bekkir


Meðfram veggjum hússins er 1 – 1,5 m breitt svæði þar sem ekki er hægt að greina eiginlega gólfskán, þó að þar sé mannvistarlag sem liggur upp að útveggjum hússins. Þar er hins vegar hvorki sót né viðarkol og nær engar holur eftir pinna eða stoðir. Enda þótt þetta svæði sé í sömu hæð og gólfið í miðju húsinu er freistandi að álíta að þar hafi verið einhvers konar vinnuaðstaða sem gerð var úr forgengilegu efni, eins og t.d. set eða bekkir úr tré. Skilin milli gólfs og bekkja eru víðast mjög skýr.

Með norðurvegg er um 1,2 m breitt svæði þar sem mannvistarlagið var afar þunnt og varla um eiginlega gólfskán að ræða. Moldar- og torfunesplar eru þarna á stöku stað. Með vesturhlið er mannvistarlagið að jafnaði um 4 cm og verður allt að 6 cm þykkt út við vegginn. Lykill fannst á þessu svæði. Við suðurhlið er mannvistarlagið,

eða bekkurinn, um 1 m breiður og 2,2 m langur. Hann endar um 1,2 m frá austurhlið svipað og mannvistarlagið við norðurhlið, enda þótt ekkert sáfar sé í suðausturhorninu. Ekki er hægt að útiloka að þar hafi einhvern tíma staðið stórt kerald á gólfinu, því að þar er eins og tekið hafi verið úr veggnum til að koma einhverju hringlaga fyrir í horninu.

2.1.5 Sáfar

Í norðausturhorni jarðhússins er niðurgráfin hola sem er um 1 m í þvermál. Hún er grafin niður um 30 cm dýpra en gólfskán jarðhússins. Neðst í holunni er um 5 cm þykkt sót- og viðarkolalag sem er mjög þétt í sér. Í henni eru nokkrar beinaleifar. Sótlagið liggur upp með veggjum holunnar og sameinast gólfi jarðhússins. Yfir sótlaginu var dökk mold, lítið viðarkolablandin. Í þessu lagi lágu nokkrir kljásteynar og kolaður trédrumbur. Norður- og austurhliðar holunnar ganga inn undir sig og hefur hún líklega verið hringlaga í upphafi. Síðar virðist sem tekinn hafi verið stallur úr suðurhlið holunnar.



Mynd 16. Sniðteikningar þvert yfir inngang jarðhúss T-4 og yfir hugsanlegan skála austan við jarðhúsið T-3.

Líklega hefur holan upphaflega verið gerð fyrir niðurgrafinn sá, en það er trétunna sem í var geymdur súrmatur. Svona holur nefnast sáför og finnast oft í fornum búrum. Það bendir til þess að jarðhúsið hafi um tíma verið notað sem búr. Viðarkolaleifar og allmiklar brunaleifar í holunni benda til þess að hún hafi síðast verið notuð sem ofn eða eldstæði, og að þá hafi jarðhúsið líklega verið notað sem eldhús.

2.1.6 Inngangur

Um 1 m breiður inngangur í jarðhúsið er á miðri austurhlíð þess og er gólfskánin þar allt að 6 cm þykk. Hún er blanda af mold og viðarkolaösku. Ekki eru þrep í innganginum heldur er aflíðandi halli niður í jarðhúsið frá mannvistarlaginu austan við jarðhúsið sem hefst um 1 m austan við útvegg jarðhússins. Sjá snið:T-4.

Lýsing á þversniði yfir inngang T-4.

Lag 1.og 2. *Brún fokmold*. Í þessum fokmoldum yfir tóftinni eru sömu þunnu dökku lög og í sniði T-1.

Lag 3. Punnt grátt lag, sennilega áfokslag fremur en gjóskulag.

Lag 4. *Gjóska*. Punnt grátt lag, sennilega gjóska úr Heklu 1300. Lög 3 og 4 eru afar greinileg á öllu svæðinu.

Lag 5. *Fokmold*. Neðst í laginu er viðarkoladreif.

Lag 6. *Torfusneplar*, ljósbrún og brún. Líklega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 7. *Torfusneplar*. Dökkbrúnar strípur Líklega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 8. *Viðarkolalag*. Efsti hluti gólfskánar í inngangi.

Lag 9. *Gólfskán*. Dökkbrún mold blönduð viðakolaögnum.

Lag 10. *Torfusneplar*. Dökkbrúnar moldar- og viðarkolastrípur.

Lag 11. *Viðarkolalag*. Líklega mannvistarlag eða gólf austan við jarðhúsið.

Lag 12. *Viðarkolalag* sunnan við inngang.

Lag 13. *Veggjarhleðsla*. Dökkbrúnar strípur, leifar af strengjatorfi.

Lag 14. *Veggjarhleðsla* í jarðhúsi. Brúnar strípur.

Lag 15. *Óhreyfð mold*. Dökkbrún. Húsið er byggt ofan á þessu lagi.

Lag 16. *Ljós gjóska*. Hekla 3, 2900 ára.

Lag 17. *Mold*. Dökkbrún mold, forsögulegt gróðurlag.

Lag 18. Ljós gjóska, Hekla 4. .

Lag 19. *Mold*, rauðbrún.

Lýsing á þversniði yfir skála? T-3.

Lag 1.og 2. *Brún fokmold*. Á milli þessara laga er þunn slitrótt gjóskulag sem er hugsanlega úr Heklugosi 1717.

Lag 3. Þunnt grátt lag, sennilega gjóskulag frá 1477..

Lag 4. *Gjóska*. Þunnt grátt lag, sennilega gjóska úr Heklu 1300.

Lag 5. *Fokmold*. Neðarlega í laginu er óljós viðarkoladreif.

Lag 6. *Torfusneplar*, ljósbrún og brún. Líklega hrun úr veggjum og þaki.

Lag 7. *Viðarkolalag*, allt að 15 cm þykkt fyrir miðju. E.t.v. gólfskán.

Lag 8. *Móaska*, e.t.v. hluti af eldstæði.

Lag 9. *Óhreyfð mold*, dökkbrún á milli tveggja pinnahola.

Lag 10. *Óhreyfð mold*, sama og lag 9.

Lag 11. Ljós gjóska, H3.

2.2 Svæði austan við jarðhús

Úr jarðhúsi virðist vera gengið inn í annað mannvirki. Hreinsað var ofan af 6,2 x 3,0 m breiðu svæði austan við jarðhúsið til að kanna betur hvort svo væri. Viðarkolalag er þar í beinu framhaldi af jarðhúsinnganginum og virðist vera áframhaldandi gólfskán á afmörkuðu svæði austan við jarðhúsið. Viðarkolalagið hefur skýrt afmörkuð skil bæði til norðurs, suðurs og austurs. Suðurhliðin er bogadregin og um 0,4 m innan við hana er röð af litlum stoðum sem hafa brunnið niður í gólf. Þær eru bæði ferhyrndar og tígullaga og hringlaga, ca 4-6 cm í þvermál. Þar hjá lágu bútar af koluðum viðarleifum. Á dreif meðfram suðurhliðinni lágu allmargir 10 – 20 cm stórir steinar, þar af nokkrir kljástear. Teiknað var þversnið (T-3) yfir þetta svæði. Ekki sáust leifar af veggjahleðslum þar sem viðarkolalagið endar. Þó að veggirnir séu horfnir benda viðarkolalagið, skýr lagskil, merki um inngang, eldsmerki, fundir og stoðaleifar eindregið til þess að þarna séu leifar af mannvirki undir yfirborðinu. Innmál þess hafa verið 5,2 m að breidd og 23 m að lengd. Sniðið sýnir einnig að þetta mannvirki er frá sama tíma og jarðhúsið.

2.3 Skurður til austurs:

Grafinn var með vélgröfu rúmlega 1 m breiður og 20 m langur skurður til austurs. Viðarkolalaginu var fylgt til austurs alveg til enda. Í skurðinum sáust steinaraðir á tveimur stöðum sem gengu þvert á skurðinn. Einnig var dæld, svipuð og inngangurinn í jarðhúsið í skurðinum og dýpkaði hún til suðurs. Hugsanlega er þar inngangur (e.t.v. inn í annað mannvirki sem væri austan við jarðhúsið).

Hér er nánari lýsing á langsníðinu austan við jarðhúsið (snið 5). Uppgefin hnit vísa til staðbundins hnitakerfis. Við X200,5/Y188,3 er dálítil grjóthrúga af lóbörðum steinum um 10-15 cm í þvermál. Hugsanlega eru þetta svonefndir hitasteinar sem notaðir voru til að hita upp vatn. Við þá eru bæði brenndar spýtur eða borð og undir þeim er móaska. Yfir þeim eru viðarkol og móaska. Þarna gæti verið eldstæði. Við X201/Y109 er kolalagið tvískipt. Það neðra er 8 cm þykkt og það efra er 5 cm þykkt. Á milli er 5-6 cm þykk mold. Við X201/Y112,2 er lag af smásteinum þvert yfir sniðið. Þarna vantar um 10-15 cm þykkt lag yfir H3, sem hefur verið grafið burt. Um 8 cm þykkt viðarkolalag liggur beint ofan á H-3. Þarna hefur því verið rist ofan af yfirborði við landnám. Við X201/Y113 er þetta eins. Þar er 1,3 m breiður niðurgröftur sem dýpkar til suðurs. Sennilega er þetta inngangur. Við X201,5/Y114 m er viðarkolalagið 3-4 sm þykkt. Yfir því er um 5-10 cm þykkt dökkbrúnt lag af mold og torfusneplum. Hugsanlega eru það leifar af þaki eða vegg. H3 er 4 cm undir því. Við X201/Y115 er viðarkolalagið orðið blandaðra. Það er um 1 cm þykkt neðst og þar yfir er blandað moldar- og torflag. Þetta lag nær út að Y120. Nokkrir steinar eru í viðarkolalaginu við X201/Y118,5 en að öðru leyti er lagið afar einleitt þar til það þynnist út í 1-3 cm þykkt og hverfur við X200/Y127,5.

Yfir mannvistarlögunum eru 0,5 – 0,7 m þykk jarðlög. Það eru fokmoldir og náttúruleg jarðvegsþykkun sem bæst hefur við eftir að staðurinn var yfirgefinn. Gjóskulög frá 1300, 1477 og 1717 eru greinileg yfir minjunum og sýna að þarna hafa menn aldrei byggt að nýju eftir að fyrsta byggðin lagðist af. Langsníðið virðist staðfesta að þarna sé vel afmarkað mannvirki frá söguöld, með gólfskán, inngang og leifar af torfþaki ofan á gólfi.

2.4 Fundir


Alls voru skráðir 29 fundir við rannsókina. Þar af eru 18 kljásteynar, sem eru yfirleitt um 5 – 50 cm stórir steinar með gati í gegnum. Þeir voru hengdir neðan í uppistöðuþræði kljásteynavefstaðarins til þess að halda þeim strekktum þegar ofið var.

Í jarðhúsinu fundust ellefu *kljásteynar*, *sleggjuhaus* úr grjóti og tveir *steynar*, sem einhver mannaverk virðast vera á. Lítil lykll úr járni og *tinna* til eldsláttu voru líka í jarðhúsi.


Í mannvistarlaginu austan við jarðhúsið fundust sjö *kljásteynar*, *grýtbrot*, þrjár *naglar* og *gjallmoli*.

2.4.1 Fundalisti


Nr	Tegund	Efni	Mál í cm	Tegund lags	Aldur:	Teg.mannv
2000-4-1	Kljásteynn	Grágýti	8,5 x 7,5 x 5	Gólfskán	900-1000	Jarðhús
2000-4-2	Kljásteynn	Grágýti	12 x 7 x 5,5	Í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-3	Kljásteynn	Grágýti	9,5 x 8,5 x 3	Mannvistarlag	900-1000	Skáli?
2000-4-4	Kljásteynn	Grágýti	11 x 6 x 5,5	Mannvistarlag	900-1000	Skáli?
2000-4-5	Eldfæri	Tinna	2,2 x 1,6 x 1	Mannvistarlag	900-1000	Jarðhús
2000-4-6	Lykll	Járn	3,7 x 1,3 x 1	Mannvistarlag	900-1000	Jarðhús
2000-4-7	Kljásteynn	Grágýti	15,5 x 9,5 x 6	Mannvistarlag	900-1000	Jarðhús
2000-4-8	Sleggjuhaus	Grágýti	7 x 6,5 x 5,5	Inngangur	900-1000	Jarðhús
2000-4-9	Kljásteynn	Grágýti	7,5 x 5,5 x 2	Gólfskán	900-1000	Jarðhús
2000-4-10	Gjallmoli	Gjall	4,5 x 3 x 1	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-11	Kljásteynn	Grágýti	9 x 6 x 3,5	Mannvistarlag	900-1000	Jarðhús
2000-4-12	Kljásteynn	Grágýti	13 x 10,5 x 4	Brunalag í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-13	Kljásteynn	Grágýti	10,5 x 10 x 3,5	Í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-14	Kljásteynn	Grágýti	9,5 x 9 x 4	Brunalag í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-15	Kljásteynn	Grágýti	10,5 x 8 x 5	Brunalag í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-16	Kljásteynn	Grágýti	8 x 7,5 x 4	Brunalag í sáfari	900-100	Jarðhús
2000-4-17	Kljásteynn	Grágýti	12 x 8 x 5	Mannvistarlag	900-1000	Skáli?
2000-4-18	Nagli	Járn	5,5 x 1,5 x 1	Veggjarhleðsla?	900-1000	Skáli?
2000-4-19	Nagli	Járn	5,5 x 2,5 x 2,2	Viðarkollag	900-1000	Skáli?
2000-4-20	Kljásteynn	Grágýti	11 x 11 x 4,5	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-21	Kljásteynn	Grágýti	10 x 10 x 5	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-22	Kljásteynn	Grágýti	11 x 9,5 x 4,5	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-23	Kljásteynn	Grágýti	10 x 8,5 x 4	Veggjarhleðsla?	900-1000	Skáli?
2000-4-24	Kljásteynn	Grágýti	9,5 x 7,5 x 4	Inngangur	900-1000	Jarðhús
2000-4-25	Nagli	Járn	2,6 x 1,5 x 0,5	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-26	Steinar	Grágýti	3 x 2 x 1	Gólfskán	900-1000	Jarðhús
2000-4-27	Steinhella	Sandsteinn	10 x 8 x 1,5	Brunalag í sáfari	900-1000	Jarðhús
2000-4-28	Grýtbrot	Kléberg	8 x 7 x 1,1	Viðarkolalag	900-1000	Skáli?
2000-4-29	Viður	Viður	10 x 1,5 x 1	Brunalag í sáfari	900-1000	Jarðhús




Mynd 17. Fundateikning I. Teikning Daniel Rhodes.




Mynd 18. Fundateikning II. Teikning Daniel Rhodes, nema F-6 Guðm. Ólafsson




Mynd 19. Fundateikning III. Teikning Daniel Rhodes.



Mynd 20. Fundateikning IV. Teikning Daniel Rhodes.



Mynd 21. Fundateikning V. Teikning Daniel Rhodes.



Mynd 22. Fundateikning VI. Teikning Daniel Rhodes.

2.5 Sýni

Tekin voru nokkur sýni við rannsóknina. Varðveisluskilyrði fyrir lífræn efni voru ekki góð og því var einkum um að ræða gjóskulagasýni, viðarkolasýni og almenn sýni úr gólfi. Magnús Á Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi öll jarðvegs- og gjóskusýni og fylgir skýrsla hans hér í viðauka 3. Helsta niðurstaða hans er sú að jarðhúsið hafi verið farið í eyði nokkru áður en Heklugjóska féll frá árinu 1104.

Magnus Hellqvist, fornleifa- og fornvistfræðingur, greindi skordýrasýni úr gólfi jarðhúss og fylgir skýrsla hans hér í viðauka 4. Helsta niðurstaða hans var sú að varðveisluskilyrði væru afar léleg fyrir skordýr og því hefðu afar fá skordýr varðveist. Þau sem leifar fundust af telur hann að hafi sennilega borist inn í húsið í torfi. t.d. þakefni.

2.6 Teikningaskrá

Gerðar voru 11 snið- og flatarteikningar af svæðinu á staðnum. Auk þess var afstaða gjóskulaga skráð sérstaklega á eina teikningu.

NR.	Teg.	Lýsing
T-1.	Snið	Þvert yfir tóft A-V og yfir svæðið austan jarðhúss. 30.5.2000. G.Ó.
T-2.	Snið	Langsnið N-S yfir jarðhús. Grunnlína er 30 sm hærra en T-1. G.Ó.
T-3.	Snið	Þvert yfir svæði austan við jarðhús, N-S. 1.6.2000. Þ.H.
T-4.	Snið	Þvert yfir inngang í jarðhús 3.6.2000. G.Ó.
T-5.	Flatart.	Suðurhluti jarðhúss. 30.5. 2000. G.Ó. M.Á.S. Þ.H.
T-6.	Flatart.	Norðurhluti tóftar, sáfar og inngangur. 2/6 2000.G.Ó, Þ.H.
T-7.	Flatart.	Suðausturhluti svæðis, rétt austan við jarðhús. 30.5. 2000. G.Ó.
T-8.	Flatart.	Norðausturhluti svæðis. Útlínur, 3/6 2000
T-9.	Snið/ flat.	Langsnið til SA 3/6 2000. Þ.H.
T-10.	Snið/ flat.	Langsnið til SA. Framh. af T.9. 4/6 2000. Þ.H.
T-11.	Snið/ flat.	Langsnið til SA Austasti hluti, framh. af t.10. 4/6 2000. Þ.H.
T-12.	Gjósku- lagasnið.	30.5.2000. MÁ.S.

2.7 Umræða og tilgátur

Rannsóknin leiddi í ljós byggingarleifar frá 10. öld. Niðurgrafna tóftin virðist vera jarðhús sem hugsanlega tengist öðru mannvirki sem er austan við jarðhúsi.

Allmörg jarðhús hafa fundist við fornleifarannsóknir á undanförunum áratugum. Benda má á Hvítárholt, Grelutóttir, Hjálmsstaði, Stórborg, Granastaði og Hofstaði í Mývatnssveit sem dæmi þess. Flest öll eru þau af svipaðri gerð, þ.e. niðurgráfin að hluta, án sýnilegs inngangs og yfirleitt með tiltölulega stóran ofn í einu horninu. Í jarðhúsum finnast yfirleitt kljásteynar eða annað smádót sem tengist vefnaði eða vinnu kvenna. Allmargar tilgátur hafa verið lagðar fram um hlutverk þessarra húsa. Meðal annars hefur verið nefnt að þau hafi verið fyrsta hús landnámsmanna, baðstofa, dyngja, vefjarstofa eða vinnustaður kvenna almennt og eldhús.¹⁰ Hér verður ekki farið út í frekari útlistun á þessum hugmyndum hér. Þær geta allar haft nokkuð til síns ágætis því að húsin geta vel hafa verið fjölnotahús sem hægt var að nota eftir þörfinni hverju sinni. Einnig geta þau hafa skipt um hlutverk á meðan þau voru í notkun, eins og til dæmis í Breiðuvík. Sennilega hafa þau oftast verið vinnustaður kvenna og notuð við vefnað. Í því sambandi má nefna að vefnaður og þá sérstaklega vinna við línvefnað krefst mikils hita og raka, en það eru skilyrði sem auðvelt hefur verið að ná í jarðhúsum.

Í þessari skýrslu hefur jafnan verið talað um jarðhúsið í Breiðuvík, þó að leitt hafi verið að því líkum að *jarðhús* sé kannski ekki réttnefni á þessum fornu niðurgröfnu húsum. Meginröksemd fyrir því er að í fornritum sé alltaf átt við það sem nú er kallað jarðgöng eða neðanjarðarhúsi sem ekki sjást á yfirborði, þegar verið er að segja frá jarðhúsum.¹¹ Skýrsluhöfundur er sammála þessari tilgátu og telur að niðurgröfnu húsin hafi yfirleitt verið nefnd eftir hlutverki sínu hverju sinni, t.d. baðstofa, vefjarstofa, eldhús, búr, sofnhús o.s.frv. Einnig er líklegt er að þetta séu hús sem nefnd voru dyngjur á sínum tíma. Samheitið jarðhús hefur hins vegar fest við þessi hús frá því að þau fóru að finnast við fornleifarannsóknir hér á landi og telur skýrsluhöfundur því ekki

10 Sbr. Þór Magnússon 1973, Guðmundur Ólafsson 1980 og 1992, Mjöll Snæsdóttir 1991, Bjarni Einarsson 1992 og 1995, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1998.

11 Þór Hjaltalín 2000.



Mynd 23. Flatarteikning af Granastöðum sem sýnir hvernig niðurgrafið eldhús tengist við endann á skálanum. Teikn. Bjarni F. Einarsson.

ástæðu til að breyta út frá þeirri hefð að sinni. Jarðhúsið í Breiðuvík er frábrugðið hefðbundnum jarðhúsum vegna þess að það er með greinilegan inngang á austurhlið og sáfar í horni í stað ofns. Eina húsið sem líkist þessu og hefur verið rannsakað hér á landi fannst á Granastöðum í Eyjafirði. Þar er mjög svipuð tóft, sem talin er vera eldhús, við endann á 10. aldar skála. Með hliðsjón af því sem fram kom á svæðinu austan við jarðhúsið og í könnunarskurðinum til austurs virðast rústirnar í Breiðuvík vera sömu gerðar og rústirnar á Granastöðum. Granastaðaskálinn er um 15 m að innanmáli, en byggingin við enda jarðhússins í Breiðuvík virðist vera mun lengri, eða um 23 m.

2.8 Niðurstaða

Rannsóknin leiddi í ljós að í Stekkjarhvammi í Breiðuvík er 4,6 m langt og 3,4 m breitt jarðhús frá 10. öld. Jarðhúsið virðist vera hluti af stærri byggingu, hugsanlega skála, sem gæti verið allt að 23 m langur. Svipar þetta fyrirkomulag til aðstæðna á Granastöðum í Eyjafirði. Að öllum líkindum hefur landnámsbærinn í Breiðuvík upphaflega staðið þarna, en verið fluttur yfir ána um aldamótin 1000, líklega þangað sem bærinn stendur enn í dag.

Engar heimildir eru um landnámsmann í Breiðuvík og er þarna því kominn enn einn merkur minjastaður sem ekki er getið um í forn-sögum, en fornleifafræðin dregur fram í dagsljósið.

2.9 Vegstæði fært

Þegar ljóst varð hve merkilegar minjar væru á svæðinu óskaði fornleifadeild eftir því að vegstæðið yrði fært lengra frá minjunum svo að þær lentu ekki undir veginum. Vegagerðin á Akureyri féllst á þau málalok og lagði fram tillögu að breyttu vegstæði, sem er um 14 m til norðvesturs, þannig að jarðhústóftin og minjasvæðið austan við hana sleppur við að lenda undir veginum. Fallist var á þessa lausn málsins. Þar með voru minjarnar ekki lengur í hættu og var því frekari rannsókn á staðnum hætt.

Að rannsókn lokinni var lagður jarðvegsdúkur yfir uppgraftarsvæðið og það hulið moldu. Á yfirborði var látið móta fyrir jarðhústóftinni eins og hún sást fyrir rannsókn. Að lokum er Vegagerðinni á Akureyri og á Húsavík færðar þakkir fyrir góða samvinnu og veitta aðstoð sem leiddi til þess að rannsóknin gekk vel og snurðu-laust fyrir sig.

3 Viðauki 1 - Gjóskulaggreining

Magnús Á Sigurgeirsson

Eftirfarandi greinargerð er greining á gjóskulagasýnum sem tekin voru í sambandi við rannsókn á minjum í og við fyrirhugað vegstæði á Tjörnesi.

Greinargerðin byggir á vinnuteikningum og smásjárskoðun gjóskusýna. Vettvangsathuganir hafa ekki farið fram að hálfu undirritaðs.

3.1 Gjóskulög á Tjörnesi

Ekki hefur verið gerð úttekt á gjóskulögum á Tjörnesi til þessa. Nokkra hugmynd er hægt að fá um gjóskulög þar með því að skoða athuganir frá nærliggjandi svæðum. Helstu gjóskulög sem vænta má að finnast á Tjörnesi og nágrenni eru eftirfarandi:

1. Gjóskulag sem nefnt hefur verið "a"-lagið. Þetta gjóskulag hefur upptök í Veiðivatna-Dyngjuháls kerfinu og er líklegast frá árinu 1477. Samkvæmt útbreiðslukorti er þykkt þess á Tjörnesi um 1 cm.
2. Hekla-1300. Þykktarkort er ekki til af þessu lagi utan upptakasvæðis en miðað við þykktir í Mývatnssveit ætti lagið að vera mjög þunnt á Tjörnesi, minna en 0,5 cm. Frásagnir eru í rituðum heimildum um gjóskufjúk á Öxarfjarðarheiði samfara þessu gosi. Ljóst er því að gjóskan hefur borist á Tjörnes.
3. Katla-1262. Þetta lag hefur fundist við Mývatn og í botnseti þess. Útbreiðslukort er ekki til en hugsanlegt er að vottur af því gæti fundist á Tjörnesi.
4. Hekla-1158 og Hekla-1104. Þessi lög eru mjög þunn á Norðausturlandi og finnast einungis við góðar aðstæður. Fremur ólíklegt er að þau finnast á Tjörnesi. Samkvæmt útbreiðslukortum er þykkt þeirra, hvors um sig, vart meiri en 0,1 cm.
5. Landnámslag frá 871 e.Kr. Þykktarkort er ekki til fyrir Norðurland. Miðað við þykkt í Mývatnssveit ætti að vera vottur af þessu gjóskulagi á Tjörnesi.

3.2 Smásjárskoðun

Smásjárathuganir gefa kost á að draga fram ýmis einkenni gjóskulags sem ekki eru sjáanleg berum

augum, s.s. kornagerð, hlutföll kornagerða, hlutfall kristalla og lit glersins. Með þessar upplýsingar ásamt lýsingum á útliti gjóskulaga er auðveldara að rekja þau og tengja.

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður ásamt lýsingu á einstökum sýnum.

Sp-297:7, sýni-8: Mikið er af lítið blöðróttu reyklitu glerkurli, einnig er nokkuð af móbrúnum glerkornum. Mikið er af plagióklaskristöllum, bæði núnum og brotum, og bergbrotum. Í sýninu er talsvert af svörtu koluðu efni. Líklegt er að það gefi laginu sinn dökka lit. Greinilegt er að hér er um fokefni að ræða. Víst má telja að ekki sé um "a"-lagið að ræða.

Sp-297:7, sýni-9: Mjög margbreytileg gjóska. Mest áberandi eru gráleit fremur hnöttótt og mjög blöðrótt-frauðkennd korn sem kurlast léttilega við snertingu. Einnig eru áberandi rauðoxuð korn, dökkbrúnt gler og lausir plagióklaskristallar. Dökkar örsmáar innlyksur eru í ljósu gjóskukornunum. Hægt er að útiloka að um gjóskulagið "a" sé að ræða. Hallast ég að því að þetta sé Heklulagið H-1300.

Sp-300:18, sýni-1: Súr gjóska, mestmegnis glerkurl en einnig eru sjáanleg smá vikurkorn. Talsvert er af plagióklaskristöllum. Líklegt er að um gjósku úr Heklu-3 sé að ræða.

Sp-300:18, sýni-2: Fokefni. Mikið er af núnum kristöllum. Gler er reykklitt, mógrænt og einnig móbrúnt. Gjóskan skiptist nokkuð jafnt í ljósa og dökka gjósku. Ljósu kornin eru í meirihluta. Gjóskan er lituð af mýrarauða. Erfitt er að tengja þetta sýni ákveðnu gjóskulagi. Sé þetta gjóskulag frá sögulegum tíma er ekki útilokað um um fok úr "a"-laginu sé að ræða.

Sp-303:52, sýni-4: Hreint gjóskusýni. Glerið er annars vegar móbrúnt, gegnsætt, og hins vegar ógegnsætt. Hlutfall þessara kornagerða er jafnt. Dökku kornin eru gjallkennd, lítið blöðrótt og með gljáandi yfirborð. Ljósu kornin eru mun blöðróttari, sum hver frauðkennd. Talsvert er af rauðoxuðum kornum og plagióklaskristöllum. Hámarks-kornastærð er um 0,5 mm.

Sp-303:52, sýni-5: Jarðvegsmengað sýni. Mikið

er af kristöllum, < 20 %. Megnið af glerinu er reyklitt en einnig er nokkuð um mógrænt gler. Gjóska er mjög fínkorna. Núin korn eru í sýninu sem bendir til að um fokefni er að ræða.

SP-303:52, sýni-6: Mjög jarðvegsmengað sýni en í því er þó mikið af gjóskukornum. Einkennandi er hátt hlutfall plagióklaskristalla. Litur glers er ýmiss konar, reyklitur, mógrænn og móbrúnn. Mikið er af núnum kornum, kristöllum og bergbrotum. Nokkuð er þó um gjóskukorn með skarpar útlínur. Hér er greinilega um fokefni að ræða.

SP-303:52, sýni-7: Fersk gjóska, óveðruð. Skiptist í ljóst gler, móbrúnt gegnsætt, og dökkt gler í nokkuð jöfnum hlutföllum, heldur meira virðist þó vera af því ljósa. Dökku kornin eru gjall. Ljósu kornin eru blöðróttari, sum frauðkennd. Talsvert er um lausa plagióklaskristalla, < 5 %. Rauðoxuð korn eru nokkuð áberandi. Hámarks-kornastærð er um 0,5 mm.

SP-304-44, sýni-3: Fokefni. Mikið er af kristöllum, bæði núnum, lituðum af mýrarauða, og brotnum kornum. Nokkuð er um glerkorn en ógerningur er að tengja þetta sýni ákveðnu gjóskulagi.


3.3 Helstu niðurstöður

1. Sýni 4 og 7 (SP-303:52) eru að öllum líkindum úr sama gjóskulaginu. Gerð gjóskukorna og

samsetning bendir til að um gjóskulagið "a" sé að ræða.

2. Sýni 5 og 6 (SP-303:52) eru líklega úr sama gjóskulagi. Gjóska í þessum sýnum einkennist mest af því hversu margbreytileg hún er. Einnig er ljóst að um fokefni er að ræða, korn sem hafa fokið til um nokkurn tíma og núist. Ljóst má vera að með þeim aðferðum sem hér eru viðhafðar er erfitt að tengja gjóskuna ákveðnum gjóskulögum. Líklegast finnst mér að um sé að ræða tvö eða þrjú gjóskulög sem fallið hafa með stuttu millibili. Mögulegt er að hér séu vísbendingar um gjóskulög sem féllu með stuttu millibili á 13. öld, gjóskulögin K-1262 og H-1300. Dæmi eru um að gjóskulög varðveitist sérlega vel undir garðsveggjum. Gætu hér verið merki um slíkt. Einnig eru dæmi um að gjóska sem fellur með nokkura áratuga millibili hafi blandast saman í jarðvegi.
3. Sýni 9, úr tóft (SP-297:7), er sennilegast gjóskulagið H-1300 eins og fyrr er sagt, útiloka má að um "a"-lagið sé að ræða. Sýni 8 er ekki hægt að tengja ákveðnu gjóskulagi þar sem um er að ræða fokefni.
4. Lög 15 og 17 eru vafalítið gjóskulögin Hekla-3 og Hekla-4, sem eru um 2900 og 4500 ára gömul.

Fornleifarannsóknir á Tjörnesi snið mæld 30/5-8/6 2000



Mynd 1

Samanburður á nokkrum gjóskusniðum Magnúsar Á Sigurgeirssonar á Tjörnesi. Þau sýna m.a. að byggð hefur lagst af all-löngu fyrir árið 1104 í Stekkjarhvammi í Breiðuvík og að minjarnar í Fjallahöfn eru nokkru yngri en 1477.

4 Viðauki 2. Insect fossils from Breidavík, Tjörnes

Magnus Hellqvist

National Museum of Iceland, Lyngás 7, 210 Garðabæ.*)

Three samples from the excavation of a Viking age pithouse in Breidavík were subsampled and investigated for the content of fossil insect remains, primarily remains of order Coleoptera (beetles). The method for preparing the samples follows Coope (1986).

The Samples and soil condition

The samples were collected in the pithouse that is probably placed at the western end of a Viking age longhouse. Sample 11 (Sýni 11) was collected from what was originally a barrelhole, but was later used as a fireplace. Sample 5 and 10 (Sýni 5 and 10) were collected from the pit house floor, in a layer largely consisting of charcoal particles and burnt bones. Samples rich of charcoal are very difficult to use for investigation of insect remains since they have often been destroyed by fire.

The sampled layers were only c. 40 cm under the surface, which explains why all samples contained much plant roots of present age. This means a risk for soil disturbance and that more air could be transported into the soil helping to break down any fossil remains. All samples were rich in coal fragments and samples 5 and 10 were also rich with fragments of bone and burned bone.

The preservation degree of the few fossil insect remains was very low because of the soil condition and this had profound effect on the possibility to identify the fossils to species (see table 1). Fossil remains were only found in sample 5 and 10. The interpretation of the insect finds, however, is that these remains were deposited during the building phase of the house or while the house was in use and not transported into the soil later.

The insect remains

It is very difficult to make a good interpretation of the insect remains found at Breidavík, they are few and badly preserved. Only beetles were

found. Here is a brief presentation of the species and interpretation of their probable connection to the settlement. Information on the biology of the species is from Böcher (1988), Larsson and Gíga (1958) and Palm (1996).

The weevil species *Otiorrhyncus nodosus* is in Iceland common in drier habitats and the species is found in many varied biotopes (eurytopic) in moss and under stones. In Iceland it has been observed feeding on leaves of *Rumex acetosa*, *R. longifolius*, *Dryas octopetala*, *Saxifraga hirculus* and flowers of *Trifolium repens*. The larvae is a root feeder, living permanently in soil, feeding on a wide variety of various plant species (polyphagous). It is not particularly bounded to human environments or living in close association with man (synanthropic) and therefore it was probably introduced into the pithouse at Breidavík either during the building phase of the house, most likely in the building material, or it came in to the house by accidental transport in substrates, such as plant remains or peat. The material is too small to definitely find its origin.

The weevil *Tropiphorus obtusus* is common in Iceland today. It inhabits grassland and meadows, sometimes found in large numbers in river flood refuse, but it is also found in drier localities. The larva is a root eater and the beetle feeds on grass plants and has been observed gnawing several herbs. It has been observed feeding on leaves of *Rumex acetosa*, *R. acris*, *R. repens* and *Leotodon autumnalis*. *Tropiphorus obtusus* is not synanthropic, but often found near built up areas or on cultivated land. The probable origin of this weevil in the pithouse is difficult to interpret, it is likely that it was introduced to the house accidentally, likely in some kind of substrates, such as plant remains or peat. This means that the insect remains from the pithouse cannot help us to determine the function of the house.

TAXA	SAMPLE		
	Sýni 5	Sýni 10	Sýni 11
<i>Carabidae</i> indet.		1	-
<i>Otiorrhyncus</i> cf. <i>nodosus</i> (Müller)		1	-
<i>Otiorrhyncus</i> sp.	1		-
<i>Tropiphorus</i> cf. <i>obtusus</i> (Bonsd.)	1	1	-

Note: cf. stands for uncertain identification of a species; sp. means unable to identify to more than the genus; indet. means unable to identify to more than family.

Table 1. Remains of fossil Coleoptera (beetles) in samples from Breidavik. Minimum numbers of individuals in each sample are calculated from the most abundant skeletal part.

*) *Magnus Hellqvist work is part of a interdisciplinary project on the settlements Bessastadir, Hofstadir, Breidavik, Eriksstadir and Keldur. It is supported by a grant from STINT (The Swedish Foundation for International Cooperation in Research and Higher Education).*

5 Heimildir

- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1998. Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnsveit 1995. Gryfja sunnan skála. *Archaeologia Islandia* 1. bls. 92-109.
- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn : Saga lífríkis og gjóskutímatál í Syðriflóa, *Náttúruverndarráð, fjölrit* 17.
- Bjarni F. Einarsson 1992. Granastaðir-grophuset och andra isländska grophus I ett nordiskt sammanhang. Deras funktion och betydelse I kolonisationsförloppet i Island. *Viking . Tidskrift for norrøn arkeologi*. Norsk arkeologisk selskap. Bind LV, bls. 95-119.
- Bjarni F. Einarsson 1995. *The Settlement of Iceland; a chritical approach*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Böcher, J., 1988. The Coleoptera of Greenland. *Meddelelser om Gronland Bioscience*, 26.
- Coope, G. R., 1986. Coleoptera analysis. In: *Handbook of Holocene Palaeoecology and Palaeohydrology* (ed. B. E. Berglund), pp. 703-713. John Wiley & Sons. London.
- Ísl. fornbréfasafn II, 1893. Hið íslenska bókmenntafjelag. Kaupmannahöfn.
- Ísl. fornbréfasafn III, 1896. Hið íslenska bókmenntafjelag. Kaupmannahöfn.
- Ísl. fornbréfasafn IV, 1897. Hið íslenska bókmenntafjelag. Kaupmannahöfn.
- Ísl. fornbréfasafn V, 1899-1902. Hið íslenska bókmenntafjelag. Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- Ísl. fornbréfasafn. IX, 1909-1913. Hið íslenska bókmenntafjelag. Reykjavík.
- Ísl. fornbréfasafn. XV, 1947-1950. Hið íslenska bókmenntafjelag. Reykjavík.
- Grönvold, K., Óskarsson, N., Johnsen, S. J., Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135, bls. 149-155.
- Guðmundur Ólafsson 1980. Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1979.25-73.
- Guðmundur Ólafsson 1992. Jarðhús að Hjalmsstöðum í Laugardal. Rannsókn 1983 – 1985. *Árnesingur II*. Sögufélag Árnesinga.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22, bls. 33-58.
- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Hekklugosinu 1158. Jarðfræðafélag Íslands, *Yfirlit og ágríp, veppspjaldaráðstefna*, bls. 25-27.
- Íslenzk fornrit I 1968. *Landnámabók*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík.
- Larsson, S. J. & Gigja, G.; 1958. Coleoptera. *Zoology of Iceland* 43a. Munksgaard, Copenhagen.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. *Archaeologia Islandica* 1, bls. 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1997: Fornleifarannsókn í Kelduhverfi 1997, Bláskógar. Greinargerð 9701, unnin fyrir Margréti H-Auðardóttur, 2 bls.
- Mjöll Snæsdóttir 1991. *Stóra-Borg. Fornleifarannsókn 1978-1990*. Þjóðminjasafn Íslands.
- Oddgeir Hansson 1999. *Lýsing á menningarminjum á fyrirhugðug framkvæmdasvæði við Tjörnveg. Hringver-Breiðavík*. FS 106-98211. Reykjavík.
- Palm, E. 1996. Nordeuropas Snudebiller. 1. De kortsnude arter (Coleoptera: Curculionidae) - med s(rligt henblik på den danske fauna. *Danmarks Dyreliv* 7. Apollo books. Stenstrup.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: *Heklueldar, Sögufélagið Reykjavík*, 185 bls.
- Sigurður Þórarinnsson 1977: Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðarsögu. *Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags* 1976, bls. 5-38.
- Þór Hjaltalín 2000. Jarðgöng á Keldum. *Goðasteinn 2000* bls. 218-237. Héraðsrit Rangæinga.
- Þór Magnússon 1973. Sögualdarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1972. 5-80.

6. Loftmyndir af vegstæði



Mynd 24. Vegstæði frá stöð 7200-8600. Á þessum vegkafli eru minjarnar SP-304:006, SP-304:044 og SP-303:027



Mynd 25. Vegstæði frá stöð 8600-9700. Á þessum vegkafla eru minjarnar SP-303:052, SP-303:047 og SP-302:044



Mynd 26. Vegstæði frá stöð 9700-10800. Á þessum vegkafla eru minjarnar SP-671:011 (x2) og SP-300:018



Mynd 27. Vegstæði frá stöð 11000-12500. Á þessum vegkafla eru minjarnar SP-671:011, SP-299:025 og SP-300:012



Mynd 28. Vegstæði frá stöð 12800-13900. Á þessum vegkafla eru minjarnar SP-298:068 og SP-297:020

Rannsóknaskýrslur 2000

- 1 Minnimerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Indriðastaðir, Skorradalshreppi.
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.
Magnús A. Sigurðsson.
- 3 Bræðratunguvegur. Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur H. Jónsson.
- 4 Reykholt í Borgarfirði
Framvinduskýrsla 2000
Guðrún Sveinbjarnardóttir.
- 5 Fornleifaskráning á Miðnesheiði
Archaeological Survey of Miðnesheiði
Ragnheiður Traustadóttir.
- 6 Verbúðir á Húsahjalla
Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi
Guðmundur Ólafsson.
- 7 Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi
Rannsóknir vegna vegagerðar
Guðmundur Ólafsson.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS